



Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	14. febrúar 2024	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099

Yfirlit

- Kl 13:00, 13. Febrúar ákvað Ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjórann á Suðurnesjum að fara af Neyðarstigi niður á Hættustig vegna eldgos á Reykjaneseskaga og niður á óvissustig vegna rofs á afhendingu á heitu vatni á Suðurnesjum.
- Landris heldur áfram á svæðinu Vestan Svartsengis
- Ef atburðarrásin heldur áfram og búast má við nýju kvikuhlaupi og einnig eldgos
- Áhættumati fyrir Grindavík var endurskoðað seinnipartinn 12. febrúar. Í samráði við nýtt áhættumat er aukið aðgengi fyrir íbúa og fyrirtæki í Grindavík til að vitja eigna sinna.

Upplýsingar frá Samhæfingastöðinni

Uppfært 13. febrúar kl 16:00

Í ljósi þess að búið er að lýsa yfir goslokum hefur ríkislögreglustjóri, í samráði við lögreglustjórann á Suðurnesjum, ákveðið að fara af neyðarstigi Almannavarna vegna eldgoss á Reykjaneseskaga og er nú hættustig almannavarna í gildi. Einnig verður farið af neyðarstigi vegna rofs á afhendingu á heitu vatni á Suðurnesjum og er nú óvissustig almannavarna í gildi.

Landris heldur áfram á svæðinu við Svartsengi. Lítil skjálftavirkni hefur verið í kringum kvikuganginn, örfáir skjálftar hafa mælst undanfarinn sólarhring

Mikið álag hefur verið á hitaveitukerfinu á Suðurnesjum á meðan hiti er að nást upp í húsum á svæðinu. Seint í gærkvöldi var kerfið þó farið að nálgast jafnvægi. Ágætis þrýstingur var í Reykjanesbæ í gærkvöldi en minni þrýstingur í Vogum og Suðurnesjabæ. Vonast er til að kerfið keyri sig rólega upp og nái jafnvægi í dag en ekki er búið við að kerfið nái fullum þrýstingi fyrr en í kvöld.. Áfram er biðlað til íbúa að fara sparlega með heitt vatn og að fylgjast vel með eignum sínum með tilliti til leka og annarra vandamála. Yfir 400 óskir um þjónustu pípara bárust í gær.

Notkun á rafmagni hefur minnkað í samræmi við aukna þjónustu í hitaveitu. Ekki hefur verið tilkynnt um rafmagnstruflanir í dag. Áfram er unnið að vörnum fyrir möstur í Svartsengislínu. Endurbygging þriggja mastra á línuleiðinni er langt komin.

Áhættumat fyrir Grindavík var endurskoðuð seinni partinn í gær.

Áhættumatið byggir á samspili fjölmargra þátta, s.s. vöktunar, varna og viðbragða á staðnum, veðurs og rýmingartíma.

Í samræmi við uppfært áhættumat er aukið aðgengi fyrir íbúa og fyrirtæki í Grindavík til að vitja eigna sinna og bjarga verðmætum. Reiknað er með að allir íbúar og fyrirtæki



geti komist til Grindavíkur næstu þrjú daga, svo framarlega sem veðurskilyrði hamli ekki aðgengi eða að aðrar hættur skapist. Að öllu óbreyttu gildir áhættumatið til fimmtudagsins 15.febrúar kl.15.


Unnið er að skýrari ramma um viðveru fjölmiðla í Grindavík og skráningu fjölmiðlamanna sem fara inn í bæinn.

Frá Ferðamálastofu **Uppfært 8. febrúar kl 18:00**

Nokkuð hefur verið um fyrirspurnir frá erlendum fjölmiðlum, á netfanginu press@itb.is,

Ferðamálastofa unnið að öryggisreglum varðandi fjölmiðla til að skilgreina það verklag sem gildir varðandi aðkomu fréttamanna vegna aðgerða yfirvalda í tengslum við jarðhræringar á Reykjanesi. Þar eru skilgreindar kröfur til fjölmiðla og stjórnkerfi Almannaavarna. Nálágast má uppkast að reglunum hjá skýrsluhöfundi.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099.



Hættumatskort Veðurstofu Íslands 12. febrúar 2024 https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi_VI_12feb.png